

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas hf. bikstöð Hafnarfirði



Dags eftirlits	6.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Colas hf. bikstöð	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður B. Björnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit, virkni olíuskilja hefur ekki verið yfirfarin skv. ákvæði í starfsleyfi, skráningum á skoðun olíuskilju er ábótavant og að fullnægjandi tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda hefur ekki verið sent til eftirlitsaðila. Ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar aðgengi að skráningum skv. gr. 4.1 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða bikbirgðastöð Colas Ísland hf., Hafnarfirði og veitir starfsleyfið heimild til móttöku og geymslu á allt að 8.500 m³ af biki og allt að 550 m³ öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks og klæðninga. Einnig er heimilt er að endurvinna bikþeytu í starfsstöðinni. Starfsleyfið gildir til 10. mars 2038.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávík kom fram við síðasta eftirlit, árið 2021, er varðar rekstur nýs geymis sem byggður hefur verið við stöðina. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021 en ekki var búið að gefa út nýtt starfsleyfi er eftirlitið fór fram og var því um frávík að ræða. Nýtt starfsleyfi var gefið út þann 10. mars 2022 og er frávíkinu lokað. Tvær ábendingar voru settar fram er varða verklagsreglur um löndun biks og skráningar á skoðun olíuskilju.

Unnið er að breytingum í stöðinni og er áætlað að verklok verði um mitt ár 2026. Breytingum vegna áfyllingar á bikþeytu er lokið og endurvinnsla á bikþeytu er hafin en byrjað var að keyra hana síðasta haust. Minnt er á að skv. gr. 4.4 í starfsleyfi skal gera minnst eina mæliröð á losun VOC-efna frá endurvinnslu bikþeytu þegar komin er eins árs reynsla á ferlið og að rekstraraðili skal leggja fram nánari tillögur um framkvæmd mælinganna til samþykktar hjá eftirlitsaðila. Stefnt er að því að byggja efnageymslur en þangað til, eru efni geymd í upphituum gámum með lekabyttu og er frágangur á þeim góður. Búið er að rífa bikgeymi nr. BT01, sökkullinn stendur þó enn.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Rekstrarhandbók var yfirfarin og skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi, skoðaðar. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði og lekavarnarbúnaði í dagbók en bæta þarf skráningar um eftirlit með olíuskilju. Var einnig sett fram ábending hvað þetta varðar í síðasta eftirliti og er því um frávík að ræða þar sem úrbætur þar um, hafa

ekki verið gerðar. Einnig þarf að huga að því að gögnin séu aðgengileg bæði starfsmönnum og eftirlitsmönnum í eftirliti en starfsmenn voru ekki allir með það á hreinu hvernig fara ætti inn í gögnin í rafrænu kerfi. Starfsleyfi var til staðar í starfsstöðinni.

Minnt var á að uppfæra þarf allar áætlanir og verklagsreglur sem krafa er á um í starfsleyfi, með reglubundnum hætti, að lágmarki á fjögurra ára fresti eða ef breytingar verða á verklagi eða ábyrgðaraðilum. Séu áætlanir uppfærðar er óskað eftir því að afrit þeirra verði sent til eftirlitsaðila. Rekstraraðili hefur gilda ISO 14001:2015 vottun til ársins 2025.

Þykktarmæla skal olúgeyma, sem ekki eru bikgeymar, á 10 ára fresti. Síðustu þykktarmælingar á olúgeymum fóru fram árið 2022. Þrýstiprófun á lögnum skal fara fram á 5 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Tvær afgreiðslulagnir, nr. 2 og 3 voru prófaðar árið 2022 en biklagnir er ekki hægt að þrýstiprófa að sögn rekstraraðila. Tvær biklagnir er um að ræða, afgreiðslulögn nr. 1 og löndunarlögn fyrir bik. Á þessum lögnum er viðvörunarbúnaður sem gefur merki við þrýstingsfall í rauntíma og er yfirlit aðgengilegt í rafrænu kerfi í stöðvarhúsi ásamt myndriti í rauntíma. Litið var yfir kerfið í eftirlitinu. Rætt var um hvort að slíkt kerfi geti komið í stað kröfu um þrýstiprófun á þessum lögnum. Rekstraraðila er bent á að senda inn skriflega fyrirspurn þess efnis til Umhverfisstofnunar og óska eftir því að mat verði lagt á hvort slíkt eftirlit teljist fullnægjandi sem þrýstiprófun skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Gerð var mæling á fitu (olíu) og svifögnum í frárennsli úr olúskilju þann 5. október 2023 og voru gildi þeirra innan marka starfsleyfis. Mæla skal olú í fráveitu að lágmarki þriðja hvert ár.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir en fullnægjandi tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 hefur ekki verið sent til eftirlitsaðila. Bent var á að tryggingaskírteini þarf að vera til staðar fyrir hvert og eitt starfsleyfi en fyrirliggjandi skírteini á við um öll starfsleyfi rekstraraðila og getur því ekki talist fullnægjandi. Sett er frávik þess efnis.

Gengið var um stöðina. Hlið var lokað er komið var að, girðingar eru heilar og í lagi. Unnið er við breytingar á stöðinni og er svæðið því byggingarsvæði og ekki sett fram ábending þar um. Áfylling flutningabifreiða fer fram sem áður, á malarplani við hlið bikgeymisins.

Góð úrgangsflokkun er í stöðinni og vel gengið frá ílátum. Gott utanumhald er þar um. Allir starfsmenn hafa aðgang að uppfærðum öryggisblöðum í farsímum sínum í gegnum rafrænt kerfi rekstraraðila, skv. gr. 2.8 í starfsleyfi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Virgni olúskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljan hefur verið tæmd eftir þörfum og mælingar gerðar, en virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin skv. þessu ákvæði.
Gr. 4.1 í starfsleyfi	Ábending var sett fram í síðasta eftirliti varðandi skráningar á skoðun olúskilju. Ekki hefur verið bætt úr skráningum og því er sett frávik vegna þess.
16. gr. laga nr. 33/2004	Fullnægjandi tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 hefur ekki borist eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi séu aðgengileg bæði starfsmönnum og eftirlitsmönnum í eftirliti. Skráningarnar voru til staðar en voru illa aðgengilegar.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eru skráð, hvorki hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram, önnur en tilkynning um bruna í bikþeytugeymi þann 30. ágúst 2023, ekki varð um annað tjón að ræða, en að geymirinn eyðilagðist. Ein lyktarkvörtun barst rekstraraðila árið 2023.

Rætt var um förgun spilliefna og þá stöðu sem gæti komið upp hjá spilliefnamóttökunum að ekki verði tekið við spilliefnum til förgunar þar sem förgunarleiðir eru takmarkaðar við brennslu eða útflutning. Einnig var rætt um spilliefnagjald sem lagt er á, bæði við innkaup og förgun en rekstraraðili er ósáttur við tvítekningu í kerfinu.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg, kynning á heimild til álagningar stjórnvaldssekta, kynning á breyttu fyrirkomulagi um boðun eftirlits, kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.06.2024


Guðbjörg Stella Árnadóttir

